



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um rafræna miða á vegum Reykjavíkur og fyrirtækja í hennar eigu**

Á fundi borgarráðs þann 13. júlí 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands:

*„Hvernig er friðhelgi einkalífs fólks sem notar rafræna aðgangsmiða að þjónustu borgarinnar tryggð? Átt er við miða eins og þá sem veita aðgang í sundlaugar og strætó, svo dæmi séu tekin. Geta lögregluþyriföld fengið aðgang að sundkortum eða strætókortum sem eru skráðar á tiltekna manneskjur? Ef svo er, þarf sérstaka heimild til þess? Er hægt að fylgjast með því hvenær og hvar tiltekin manneskja notaði aðgangskort sitt í sundlaugar eða strætó til þess að fylgjast með eða hafa upp á viðkomandi?“*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 10. ágúst sl.

#### **Svar:**

Í 9. kafla notendaskilmála korta menningar- og íþróttasviðs er ítarlega kveðið á um persónuvernd. Megintilgangur vinnslu persónuupplýsinga er að veita þá þjónustu sem korthafi hefur óskað eftir og veitt er með framvísun kortsins. Aðgangur að vinnslu persónuupplýsinga er takmarkaður við það starfsfólk sem þarf upplýsingarnar starfs síns vegna. Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborg notar upplýsingar um nafn, kennitölu, lögheimili og kyn korthafa til að auðkenna hann í hliðum þjónustustöðva. Persónuupplýsingar þessar eru jafnframt unnar í þeim tilgangi að opna og endurútgefa glötuð kort ef við á, sem og til að framkvæma flutning á inneignum notenda á milli auðkenna, sé þess óskað. Þá kann Reykjavíkurborg að nota tengiliðaupplýsingar korthafa til að gera honum viðvart ef röskun verður á þjónustu. Reykjavíkurborg mun einnig nýta persónuupplýsingar notenda í því skyni að framkvæma tölfraðilegar greiningar í því skyni að bæta þjónustu til notenda og greina notkun hennar, svo sem til þess að sjá hversu margir gestir eru inni á hverju þjónustusvæði hverju sinni. Í þeim tilfellum sem starfsfólk Reykjavíkurborgar óskar eftir útgáfu korts er persónuupplýsingum miðlað frá næsta yfirmanni til skrifstofu menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur svo unnt sé að gefa út kort í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfskjör. Notendur geta á hvaða tíma sem er óskað eftir upplýsingum um þær persónuupplýsingar sem varðveittar eru í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.

Óski lögregla eftir upplýsingum sem teljast liður í rannsókn sakamáls skv. lögum nr. 88/2008 þá ber Reykjavíkurborg almennt að afhenda slík gögn skv. VII. kafla laganna. Friðhelgi einkalífs fólks er fyrst og fremst tryggð með aðgangsstýringu að aðgerðum í afgreiðslukerfinu og að



Reykjavíkurborg

gagnagrunni. Auk þess er til staðar vinnsluskrá, vinnslusamningur og öryggisráðstafanir. Þegar kerfið var tekið upp var farið fram á að hýsingaraðili skyldi fylgja ISO 27001 staðli.

Allt starfsfólk þarf aðgangsorð og lykilorð til að skrá sig inn í afgreiðslukerfið og það hefur hvorki aðgang né heimild til að skoða ferðir fólks aftur í tímann, þau sjá bara daginn í dag. Vaktstjórar og forstöðumenn hafa hins vegar aðgang og heimild til að skoða einstakling aftur í tímann og geta þá séð sögu kortsins. Þessu er sjaldan beitt en þá aðallega í tveimur tilfellum. Annars vegar ef starfsfólk verður vart við misnotkun á sundkorti sem er skráð á einstakling, þ.e. annar en sá sem skráður er fyrir kortinu er að nota það. Þetta sést í afgreiðslukerfinu ef viðskiptavinur hefur samþykkt að hafa mynd af sér. Þá sést ef annar en einstaklingurinn á myndinni er að nota kortið. Hins vegar ef viðskiptavinur óskar eftir að kortinu sé flett upp til dæmis til að fá kvittun eða fá upplýsingar um eftirstöðvar inneignar á sundkorti.

Þar sem Strætó bs. fellur ekki innan A-hluta samstæðu Reykjavíkurborgar telst borgin ekki ábyrgðaraðili skv. ákvæðum persónuverndarlaga.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari